

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

**1. Kafli Skipulag.**

**1. grein Heiti, aðsetur og varnarþing.**

- 1.1. Félagið heitir Glímufélagið Ármann.
- 1.2. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

**2. grein Tilgangur.**

- 2.1. Tilgangur félagsins er að stuðla að iðkun íþróttagreina, sem ÍSÍ hefur á stefnuskrá sinni. Sérstaklega skal leggja rækt við iðkun og varðveislu íslenskrar glímu og auka menningarlegan og félagslegan þroska félagsmanna með ýmis konar hollri æskulýðsstarfsemi.
- 2.2. Glímufélagið gefur út Íþróttanámskrá og allar deildir vinna samkvæmt henni. Nánari útskýringar á starfsviðum aðalstjórnar, deilda og starfslýsingar stjórnarmanna, þjálfara og annara starfsmanna eru í Íþróttanámskrá.
- 2.3. Glímufélagið Ármann og Knattspyrnufélagið Þróttur starfa saman að því að tryggja íbúum á starfsvæði félaganna fyrsta flokks þjónustu með hliðsjón af íþróttanámskrá félaganna bæði hvað varðar þjálfun barna, unglinga og afreksfólks og þjónustu vegna almenningsíþróttá og félagsstarfs.

**3. grein Réttindi og skyldur félagsmanna og félags.**

- 3.1. Glímufélagið Ármann er ein heild og myndað af öllum félagsmönnum.
  - 3.1.1. Félagsmenn skiptast í íþróttadeildir
- 3.2. Aðild að Glímufélaginu Ármanni er öllum frjáls.
- 3.3. Félagsmenn allir skulu kappkosta með framgöngu sinni og háttsemi að vera félaginu til sóma.
- 3.4. Félagsmenn og þó sérstaklega forystumenn og leiðbeinendur í félagsstarfinu og íþróttagreinum eiga að vera til fyrirmyndar börnum og ungum þátttakendum í hátterni og góðum siðum og stuðla að hollri æskulýðsstarfsemi án áfengis og annara vímuefna.
- 3.5. Með aðild að Glímufélaginu Ármanni samþykkir félagsmaður, að hann virðir og hlítir lögum félagsins.
- 3.6. Félagið starfar sjálfstætt og ber að hafna öllum þrýstingi, hvort sem hann er af stjórnsmálalegum, trúarlegum eða efnahagslegum toga og/eða af öðrum ástæðum.

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

3.7. Glímufélagið Ármann er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) og undirgengst ákvæði laga og reglugerða þess.

**4. grein Félagsmerki, félagsbúningar, þátttaka í ytra starfi.**

- 4.1. Félagið hefur sérstakt félagsmerki, sem er skjöldur með spjótsoddi stílfærðum í bókstafinn “Á” í bláum, hvítum og rauðum lit sem eru þeir sömu og í íslenska þjóðfánanum.
- 4.2. Félagið hefur sérstaka íþróttabúninga. Deildir meiga útfæra keppnisgalla en skulu virða skjaldamerkis félagsins.

**2. Kafli Íþróttadeildir**

**5. grein Íþróttadeildir stofnun og fjármál.**

- 5.1. Stofnun íþróttadeildar er háð samþykki aðalstjórnar.
  - 5.1.1. Stofnun íþróttadeildar skal leggja fyrir næsta aðalfund félagsins til staðfestingar.
  - 5.1.2. Íþróttagrein, sem ekki tilheyrir sérstakri deild, fellur undir aðalstjórn.
- 5.2. Stjórnir deilda ákveða félags og æfingagjöld
  - 5.2.1. Stjórn íþróttadeildar skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert reikningsár .
  - 5.2.2. Aðalstjórn skal fylgjast með fjárhag deilda, samanber grein 16.1.7

**6. grein Stjórn deildar og sérgreinastjórnir í fjölgreinadeildum.**

- 6.1. Stjórn íþróttadeildar skipa 3, 5, eða 7 menn, þ.e. formaður, ritari, sem jafnframt er varaformaður í þriggja manna stjórn, gjaldkeri og meðstjórnendur ef fleiri eru en þrír í stjórn.
  - 6.1.1. Skylt er að kjósa einn af þeim, sem fyrir voru í þriggja manna stjórn og tvo úr fimm og sjö manna stjórn.
  - 6.1.2. Fulltrúi fastanefnda (t.d foreldraráðs, mótanefndar og fjáröflunarnefndar) eiga seturétt í stjórn deilda.
  - 6.1.3. Kosnir skulu 3 menn í varastjórn.
  - 6.1.4. Kjósa skal bundinni kosningu.
  - 6.1.5. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda deildar eða eitt ár.
  - 6.1.6. Deildarstjórn skipar fulltrúa í sérráð.
  - 6.1.7. Skoðunarmenn félagsins eru skoðunarmenn íþróttadeilda.
- 6.2. Sérgreinastjórnir í fjölgreinadeildum.

## Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007 Lagabreytingar

- 6.2.1. Séu tvær eða fleiri greinar iðkaðar í sömu deild er deildarstjórn heimilt, með samþykki aðalstjórnar, að láta kjósa 3ja manna stjórn fyrir hverja grein á fundi iðkenda í þeirri grein.
- 6.2.2. Sérgreinarstjórn fjallar um málefni viðkomandi greinar og heldur æfinga- og iðkendaskrá, í umboði deildarstjórnar og starfar á ábyrgð hennar.
- 6.2.3. Deildarstjórn annast samskipti við aðalstjórn og sérgreinasambönd, í samráði við sérgreinarstjórn.
- 6.2.4. Formaður sérgreinarstjórnar skal ávallt kosinn á aðalfundi deildar og meðstjórnendur skv. tilnefningum, einn frá hverri sérgrein og einn frá foreldrahópi.
- 6.2.5. Verði ekki kosið í sæti meðstjórnenda í sérgreinarstjórn eftir tilnefningum skal kosið í auð sæti á aðalfundi deildar.

### 7. grein Aðalfundur deildar.

- 7.1. Íþróttadeild skal halda aðalfund fyrir 1. mars ár hvert.
- 7.2. Til aðalfundar deildar skal boðað með minnst 10 daga fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu félagsins, félagshúsi og í æfingaraðstöðu deildarinnar. Tilkynna skal aðalstjórn um aðalfund deildar með sama fyrirvara.
- 7.3. Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir fullgildir félagar deildarinnar 16 ára og eldri. Skulu þeir hafa greitt félagsgjald fyrir næst liðið ár og vera skuldlausir um áramót fyrir aðalfund.
- 7.4. Einstökum deildum er heimilt að ákveða atkvæðisrétt fyrir félag yngri en 16 ára á fundum um deildarmálefni, þó ekki um fjármál.
- 7.5. Reikningar deildar skulu afhentir skoðunarmönnum a.m.k. 10 dögum fyrir aðalfund deildarinnar.
- 7.6. Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera sem hér segir:
  - 7.6.1. Formaður deildar flytur skýrslu um störf deildarinnar á liðnu starfsári.
  - 7.6.2. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga deildarinnar til deildar-samþykkis.
  - 7.6.3. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár til deildarsamþykkis.
  - 7.6.4. Kosin deildarstjórn samanber 6 grein:
    - 7.6.4.1. Formaður
    - 7.6.4.2. Stjórnarmenn (2, 4 eða 6 menn)
      - 7.6.4.2.1. Fulltrúi fastanefnda (t.d foreldraráðs, mótanefndar og fjáröflunarnefndar) eiga seturétt í stjórn deilda.
    - 7.6.4.3. Varamenn ( 3 menn)
    - 7.6.4.4. Kosnir fimm fulltrúar á aðalfund félagsins.
  - 7.6.5. Önnur mál.
- 7.7. Rétt til setu á aðalfundi deilda með málfrelsi og tillögurétti hafa:
  - 7.7.1. Aðalstjórnarmenn.

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

- 7.7.2. Skoðunarmenn félagsins.
- 7.7.3. Heiðursfélagar félagsins.
- 7.7.4. Nefndamenn, sem starfa í umboði aðalstjórnar.
- 7.7.5. Framkvæmdastjóri félagsins
- 7.7.6. Deildarstjóri íþróttadeildar.
- 7.7.7. Íþróttá og tómsfundafulltrúi.
- 7.7.8. Bókari félagsins

**8. grein Vanræksla deildarstjórnar.**

- 8.1. Vanræki deild að halda aðalfund fyrir tilsettan tíma, skal aðalstjórn félagsins beita sér fyrir því við stjórn viðkomandi deildar að það verði gert.
  - 8.1.1. Láti stjórn viðkomandi íþróttadeildar sér eigi segjast við það, skal aðalstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
  - 8.1.2. Aðalstjórn getur ákveðið að taka við stjórn deildar, þar til ný deildarstjórn er kosin, sbr. 8.5.1.
- 8.2. Hagi stjórn deildar sér þannig að starfsemin bíði hnekki af eða vansi hljótist af fyrir félagið getur aðalstjórn ákveðið að taka við stjórn viðkomandi deildar og setja af deildarstjórnina. Til að ákvörðun skv. þessari grein teljist gild þarf 4/5 aðalstjórnar að greiða henni atkvæði. Áður en ákvörðun er tekin ber aðalstjórn að halda fund þar sem deildarstjórn fær tækifæri til að skýra sín sjónarmið.
  - 8.2.1. Ákvörðun um framtíð deildar eða boðun aukaaðalfundar ber að taka innan þriggja vikna frá yfirtöku, þar sem forsendur yfirtöku eru skýrðar.

**9. grein Fundargerðir, skrár, skjöl og verðlaunagripir deilda.**

- 9.1. Stjórn hvernar deildar skal halda skrá yfir störf sín, ákvarðanir um mál, árangur félaga og annað markvert úr starfsemi deildarinnar.
  - 9.1.1. Aðalstjórn hefur rétt á að fá afrit af öllum fundargerðum deildarstjórnar.
  - 9.1.2. Deildarstjórn skal skila skýrslum og endurskoðuðum reikningum til aðalstjórnar fyrir 1. mars árlega.
  - 9.1.3. Aðalstjórn getur svipt fulltrúa deildar sem ekki uppfyllir ákvæði þessarar greinar atkvæðisrétti á aðalfundi félagsins.
- 9.2. Glímufélagið Ármann er í samstarfi við ÍSÍ með notkun FELIX rafræna skráningarkerfisins. Aðalstjórn setur nánari reglur um hvaða upplýsingar skal skrá í Felix. (Þar væri þá rétt að beina því til deilda að afla samþykkis þegar skráning fer fram).
  - 9.2.1. Afrit skrárinnar, sem uppfærð er jafnóðum, skal vera hluti af heildarfélagaskrá félagsins, er aðalstjórn heldur.
- 9.3. Merkir verðlaunagripir og verðmætir sögulegir munir (hlutir/gögn/skjöl) skulu vera í vörslu aðalstjórnar og afhendast jafnóðum og þeir

## Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007 Lagabreytingar

koma til.

### 10. grein Eignir og fjárhagsleg ábyrgð íþróttadeilda.

- 10.1. Aðalstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á starfsemi Glímufélagsins Ármanns og allra deilda þess. Aðalstjórn ber að hafa eftirlit með fjármálum deildanna og grípa inni ef skuldbindingar einhverrar deildar eru verulega umfram tekjur deildarinnar.
- 10.2. Deildarstjórnir bera ábyrgð á rekstri þeirra deilda sem þær eru í forsvari fyrir. Þessari ábyrgð fylgir sjálfstæði varðandi eigin málefni deildarinnar. Þetta sjálfstæði deildarstjórna takmarkast af lögum félagsins og því að ákvarðanir þeirra mega ekki ganga gegn hagsmunum félagsins.
- 10.3. Stjórnir einstakra deilda mega ekki gera neinar þær ráðstafanir eða samninga, sem hafa í för með sér lántökur nema fyrir liggi samþykki aðalstjórnar. Deildarstjórn er skylt að upplýsa aðalstjórn um allar meiriháttar ákvarðanir t.d. um ráðningu starfsmanna.
- 10.4. Þær eignir sem einstaka deildir hafa aflað sérstaklega (þ.e. deildin hefur keypt þær, þær eru til komnar fyrir tilstuðlan sjálfboðaliðastarfs félaga í deildinni, eða fengnar að gjöf) teljast á forræði viðkomandi deildar. Aðrar eignir í vörslu íþróttadeildanna eru eign félagsins en deildirnar annast um þær í umboði félagsins. Ráðstöfun á eignum má þó aldrei ganga gegn hagsmunum deildarinnar.
- 10.5. Félögum Glímufélagsins Ármanns ber að fara vel með allar eignir sem þeir hafa til umráða.
- 10.6. Hætti einhver deild störfum, er stjórn deildarinnar skylt að afhenda eignir í hennar umsjá til aðalstjórnar félagsins.

### 11. grein Úrsögn félagsmanns.

- 11.1. Úrsögn úr einstökum íþróttadeildum skal tilkynnt bréflaga til viðkomandi deildarstjórnar.
- 11.1.1. Úrsögn vegna félagaskipta skal tekin til greina, ef viðkomandi félagsmaður er skuldlaus.
- 11.2. Sé félagsmaður í fleiri en einni deild gilda sömu ákvæði um hverja deild.

## 3. Kafli Aðalfundur félagsins.

### 12. grein Aðalfundur - Boðun, seturéttur, vald.

- 12.1. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess.
- 12.2. Aðalfundur félagsins skal haldinn í mars ár hvert.
- 12.3. Til aðalfundar skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu félagsins og í félagshúsi.
- 12.4. Tillögur um lagabreytingar og önnur málefni, sem óskast tekin fyrir skulu berast aðalstjórn minnst 10 daga fyrir aðalfund.
- 12.5. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði, og eiga breytingartillögur að liggja frammi hjá aðalstjórn eigi skemur en 7 dögum

## Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007 Lagabreytingar

fyrir aðalfund.

- 12.6. Aðalstjórn skal senda deildastjórnnum fundarboð ásamt kjörbréfi og dagskrá aðalfundar minnst 7 dögum fyrir aðalfund og geta skal tillagna um lagabreytingar.
- 12.7. Endurskoðaðir reikningar skulu liggja frammi til skoðunar í minnst 7 daga fyrir aðalfund.
- 12.8. Reikningar félagsins og úrdráttur úr skýrslu aðalstjórnar skulu liggja frammi á aðalfundi.
  - 12.8.1. Reikningsárið er almanaksárið og starfskýrsla aðalstjórnar nær yfir sama tímabil.
- 12.9. Aðalfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað.
  - 12.9.1. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirfarandi aðilar:
    - 12.9.1.1. Aðalstjórn.
    - 12.9.1.2. Fimm fulltrúar frá hverri íþróttadeild, samkvæmt kjörbréfi, sbr.7. grein og 12. grein.
      - 12.9.1.2.1. Kjörgengi hafa þeir sömu og njóta atkvæðisréttar, sbr. 12.9.1. Í kjörbréfi skal greina kennitölu hvers fulltrúa.
    - 12.9.1.3. Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti hafa:
      - 12.9.1.3.1. Varastjórn.
      - 12.9.1.3.2. Skoðunarmenn félagsins.
      - 12.9.1.3.3. Heiðursfélagar félagsins.
      - 12.9.1.3.4. Nefndamenn, sem starfa í umboði aðalstjórnar.
      - 12.9.1.3.5. Framkvæmdastjóri félagsins
      - 12.9.1.3.6. Deildarstjórar íþróttadeilda.
      - 12.9.1.3.7. Íþrótta og tómskundafulltrúi.
      - 12.9.1.3.8. Bókari félagsins
- 12.10. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema við lagabreytingar, til þeirra þarf 2/3 atkvæða, og þar sem annað er ákveðið í lögum þessum.

### **13. grein Verkefni aðalfundar.**

- 13.1. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
  - 13.1.1. Fundarsetning.
  - 13.1.2. Aðalstjórn tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
  - 13.1.3. Aðalstjórn skipar þriggja manna kjörbréfanefnd.
  - 13.1.4. Aðalstjórn gefur skýrslu um starfsemi og framkvæmdir félagsins á liðnu starfsári.

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

13.1.5. Umræður um skýrslu stjórnar.

13.1.6. Gjaldkeri flytur skýrslu um fjárhag félagsins í heild og leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.

13.1.7. Fjárhagsáætlun lögð fram til umræðu og samþykktar.

13.1.8. Lagabreytingar.

13.1.9. Staðfesting Íþróttanámskrár.

13.1.10. Staðfesting á lögum og reglugerðum

13.1.11. Kosin aðalstjórn félagsins:

13.1.11.1. Formaður.

13.1.11.2. Varaformaður.

13.1.11.3. Ritari.

13.1.11.4. Gjaldkeri.

13.1.11.5. Þrír (3). meðstjórnendur.

13.1.11.6. Varastjórn (3 menn).

13.1.11.7. Kosnir tveir (2) skoðunarmenn.

13.2. Komi aðeins ein tilnefning til starfsins eða jafnmargar og kjósa á, er um sjálfkjör að ræða.

13.2.1. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn, þó þannig, að þrír eru kosnir annað árið, þ.e. formaður, gjaldkeri og einn meðstjórnandi, en fjórir hitt árið og eru það varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur.

13.2.2. Skal hlutað til um það fyrsta sinni, hvor hópurinn er kosinn til eins árs. Varastjórn er kosin árlega.

13.3. Önnur mál.

13.4. Fundarslit.

13.5. Í aðalstjórn eru menn kjörnir sem Ármenningar, og þar með sem einstaklingar, og ber að hafa að leiðarljósi hagsmuni félagsins í heild

#### **14. grein Aukaaðalfundur.**

14.1. Aðalstjórn félagsins getur kallað saman aukaaðalfund ef þörf krefur.

14.2. Aukaaðalfund skal halda, ef tilmæli koma þar um skriflega frá meirihluta allra deildarstjórna, enda tilkynni þær um leið fundarefni það, sem þær óska að verði rætt.

14.3. Boða skal aukaaðalfund með minnst 7 daga

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

fyrirvara með auglýsingu eða öðrum sannanlegum hætti.

14.4. Á aukaaðalfundi má ekki gera lagabreytingar eða kjósa stjórn nema í stað þeirra stjórnarmanna er látið hafa af störfum umfram fjölda varastjórnarmanna.

14.5. Fulltrúar á aukaaðalfundi eru þeir sömu og kjörnir voru til síðasta reglulega aðalfundar á undan og gilda sömu kjörbréf.

#### 4. Kafli Aðalstjórn.

##### 15. grein Aðalstjórn, valdsvið og ábyrgð.

15.1. Aðalstjórn fer með æðsta vald í málum félagsins á milli aðalfunda.

15.2. Aðalstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi félagsins með þeim skilmálum, sem lög þessi ákveða.

15.3. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins og einstakra deilda með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða, sbr. 10. grein.

15.4. Aðalstjórn skal fylgjast með að deilarstjórnir séu fjárhagslega ábyrgar.

15.5. Tilkynna skal Aðalstjórn um alla stærri samninga deilda við aðila innan og utan félagsins þar sem þeir hafa í för með sér fjárskuldbindingar eða þeir geta stangast á við áður gerða samninga félagsins í heild

15.6. Aðalstjórn setur eða staðfestir, breytir eða afnemur reglugerðir.

15.7. Fulltrúar (formaður eða annar aðili tilnefndur af deildarstjórn) hafa seturétt með málfrelsis og tillögurétt í aðalstjórn.

##### 16. grein Störf aðalstjórnar.

16.1. Helstu störf aðalstjórnar eru þessi:

16.1.1. Að fylgja eftir samþykktum aðalfunda félagsins.

16.1.2. Að stýra málefnum félagsins.

16.1.3. Að annast rekstur á vegum aðalstjórnar og hafa eftirlit með rekstri deildanna.



## Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007 Lagabreytingar

- 16.1.4. Að halda heildarfélagaskrá fyrir félagið, sbr. 9.2. og 9.2.1. grein. Aðalstjórn skal einnig annast varðveislu gagna sem varða starfsemi félagsins þ.m.t. fundargerðir og reikninga aðalstjórnar og deilda.
- 16.1.5. Að fylgjast með því að lögum félagsins og íþróttahreyfingarinnar sé hlýtt af hálfu félagsmanna.
- 16.1.6. Að ákveða árgjald deilda og einstakra félagsmanna til félagsins fyrir upphaf hvers reikningsárs og með hvaða hætti það skuli reiknað, í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Heimilt er að fella árgjaldið niður einstök ár.
- 16.1.7. Að fylgjast með starfsemi deilda félagsins og að aðalfundir þeirra séu haldnir og ef þörf krefur, annast um boðun og framkvæmd þeirra, sbr. 8. grein.
  - 16.1.7.1. Aðalstjórnarmenn hafa setu-, tillögurétt og málfrelsi á öllum almennum deildafundum
- 16.1.8. Að sjá um, að viðeigandi skýrslur séu gerðar og skilað til ÍBR og ÍSÍ og/eða annarra til þess berra yfirvalda.
- 16.1.9. Að úrskurða í deilum milli deilda eða félagsmanna í málum, sem varða félagið.
- 16.1.10. Aðalstjórn heldur fundi að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri daglegan rekstur félagsins, ásamt framkvæmdastjóra, ef ráðinn, sem sér um rekstur félagsins samkvæmt samningi þar um.
- 16.1.11. Formaður boðar fundi aðalstjórnar.
- 16.1.12. Aðalstjórn heldur fundi með fulltrúum íþróttadeilda að jafnaði ársfjórðungslega.
- 16.1.13. Óski meiri hluti stjórnar íþróttadeilda félagsins eftir slíkum fundi skriflega og tilgreini fundarefni ber aðalstjórn að boða til hans með minnst einnar viku fyrirvara.

### **17. grein Skipun fastanefnda.**

- 17.1. Í upphafi starfstíma skipar aðalstjórn fastanefndir.
- 17.2. Starfstími þeirra er til jafnlengdar aðalstjórnar nema annað sé sérstaklega ákveðið. Þær bera ábyrgð gagnvart aðalstjórn.
  - 17.2.1. Þær fastanefndir, sem skipa ber eru:
    - 17.2.1.1. Fulltrúa í rekstrarfélag sem sér um sameiginlega rekstur Glímufélagsins Ármanns og Knattspyrnufélagsins Þróttar.
    - 17.2.1.2. Íþróttanámskrárnefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd og viðhaldi Íþróttanámskrár.
  - 17.2.2. Aðrar nefndir eru skipaðar til þeirra verka, sem þurfa þykir.
  - 17.2.3. Allar nefndir á vegum aðalstjórnar skulu skrá niður upplýsingar um störf sín og umræður. Aðalstjórn hefur rétt á að fá afrit af öllum fundargerðum nefndagerðabók um störf sín og umræður. Aðalstjórn hefur rétt á að fá afrit af öllum fundargerðum nefnda.

### **5. Kafli Ýmis ákvæði.**

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

**18. grein Heiðursfélagar, ævifélagar, styrktarfélagar, heiðursviðurkenningar.**

- 18.1. Einstaklingar geta orðið heiðursfélagar, ævifélagar eða styrktarfélagar félagsins.
- 18.1.1. Kjör þeirra, réttindi og skyldur eru samkvæmt sérstökum reglugerðum.
  - 18.1.2. Heiðursfélagar eru ekki gjaldskyldir til félagsins.
  - 18.1.3. Styrktarfélagar teljast þeir, sem ekki taka virkan þátt í íþróttæfingum eða störfum fyrir félagið en vilja sem íþróttavinir styrkja það fjárhagslega eða með öðrum hætti.
  - 18.1.4. Ævifélagar geta þeir orðið, sem náð hafa fimmtugsaldri og greiða gjald til félagsins í eitt skipti fyrir öll.
    - 18.1.4.1. Aðalstjórn ákveður gjald ævifélaga.
- 18.2. Heiðursmerki skal veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

**19. grein Viðurlög og brottvísun.**

- 19.1. Gerist félagsmaður brotlegur við lög eða reglugerðir félagsins eða hnekki með framkomu sinni áliti félagsins, skal honum hegnt að mati aðalstjórnar og stjórnar viðkomandi deildar.
- 19.2. Skapi félagsmaður með framkomu sinni eða atferli alvarlegan samskiptavanda innan deildar eða félags og taki ekki fortölum getur aðalstjórn vikið honum úr félaginu.
- 19.3. Verði félagsmaður uppvís að lyfjamisferli getur aðalstjórn, að höfðu samráði við deildarstjórn, vikið honum úr félaginu að sönnuðu broti.
- 19.4. Úrskurðir skv. þessari grein eru því aðeins gildir að 4/5 stjórnar séu honum samþykkir. Aðalstjórn er skylt að boða viðkomandi félagsmann á sinn fund og gefa honum kost á að verja mál sitt. Áfrýja má úrskurði aðalstjórnar til næsta aðalfundar.

**20. grein Félagsslit.**

- 20.1. Glímufélaginu Ármanni verður ekki slitið nema á aðalfundi og þá því aðeins, að 4/5 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa, þeirra, er rétt eiga til setu á aðalfundinum, samkvæmt lögum þessum, samþykki slitin.

Með slíkri samþykkt er störfum þess aðalfundar tafarlaust lokið, en fráfarandi aðalstjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars aðalfundar sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með atkvæðum 4/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, skv. 21.1. grein, að slíta félaginu, skulu það heita lögleg félagsslit.

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar

**21. grein Ráðstöfun eigna eftir félagsslit.**

- 21.1. Verði Glímufélaginu Ármanni löglega slitið skulu eignir þess renna í einn sjóð. Sjóðurinn verður sjálfseignarstofnun með sérstakri stofnskrá.
- 21.1.1. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en 2/3 hlutum ársávöxtunar hans skal varið til styrktar uppeldis og íþróttamálum á síðasta félagssvæði Glímufélagsins Ármanns og þá í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt 2. grein.
- 21.2. Fyrsta stjórnarnefnd sjóðsins skal skipuð þannig, að einn nefndarmanna er tilnefndur af fráfarandi aðalstjórn og er hann formaður, annar sé tilnefndur af ÍBR eða Borgarstjórn Reykjavíkur, verði ÍBR lagt niður, og sá þriðji sé tilnefndur af Hæstarétti.

**22. grein Lagabreytingar.**

- 22.1. Lögum þessum verður ekki breytt nema á lögætum aðalfundi félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

**23. grein Gildistaka.**

- 23.1. Lög þessi öðlast þegar gildi eftir samþykkt þeirra og staðfestingu ÍBR. Eru þá eldri lög félagsins úr gildi numin.

- 24.** Lög Glímufélagsins Ármanns samþykkt svofelld á aðalfundi félagsins mars 2007 með áorðnum breytingum og staðfest á stjórnarfundum ÍBR / 2007. Laganefnd sem í voru Tryggvi Gunnarsson, Ásgeir Daníelsson, Hjörtur Gíslason og Ragna Bjarnadóttir unnu að breytingum og önnuðumst frágang.

Aðalfundur Glímufélagsins Ármanns 2007  
Lagabreytingar